

66 Krókur, Stöðlar, Nýibær, Ósgerði, Auðsholtshjáleiga, Auðsholt, Vorsabær, Vellir.
30. apríl Kross og Öxnalækur.

Breyting þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

67
29. apríl

AUGLÝSING

um undanþágu frá greiðslu söluskatts af kolum.

Samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, sbr. 6. gr. l. nr. 43/1948, hefur ráðuneytið ákveðið, að ekki skuli greiða söluskatt af kolum.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 29. apríl 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

68
5. maí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga vestan Axarfjarðarheiðar.

Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind breppabúnaðarfélög á félagssvæði búnaðarsambandsins: Búnaðarfélag Keldhverfinga, Búnaðarfélag Öxfirðinga, Búnaðarfélag Presthólahrepps og Búnaðarfélag Austur-Sléttu. Enn fremur bæina Sveinungsvík, Ormalón, Hól og Vog, sem eru í Búnaðarfélaginu Arður í Svalbarðshreppi.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframtæslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt;